

Miðvikudaginn 1. nóvember 1978.

Nr. 201/1977. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Elinor Herði Mar**

(Ólafur Þorgrímsson hrl.).

Bifreiðar. Sýknað af ákæru um manndráp af gáleysi og broti gegn umferðarlögum.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sakarefni er lýst í héraðsdómi.

Samkvæmt framburði ákærða sá hann drenginn, sem fórst í slysinu, sitjandi kyrran á reiðhjóli nokkuð á ská fyrir aftan bifreiðina R 40455 og utan við götuna, áður en hann ók henni af stað. Hafði hann aðeins ekið örstuttan spöl áfram, er hann varð þess áskynja, að afturhjól bifreiðar vinstra megin lyftist upp og nam hann þá þegar staðar.

Vitnið Meyvant Meyvantsson kveðst hafa séð drenginn, sem fórst í slysinu, koma hjólandi og hafi hann verið kominn aftur fyrir bifreið ákærða, er hann steig upp í hana. Drengurinn hafi síðan snúið við og hjólað upp í moldarbarð á vinstri hönd frá vitninu séð. Samkvæmt frásögn sjónarvotta stóð dráttarvél á moldarbarði þessu, og var hún hreyfð úr stað í þessum svifum. Virðist þá hafa komið fát á drenginn. Vitnið Jörgen Erlingsson kveðst þá hafa séð dreng á hjóli renna aftur á bak framundan dráttarvélinni. Vitnunum Meyvant og Jörgen ber saman um, að drengurinn hafi runnið á hjólinu niður moldarbinginn eða moldarbarðið og undir afturhjól bifreiðar ákærða, sem þá var komin á hæga ferð áfram.

Drenginn bar óvænt að bifreið ákærða, og skipti engum togum, að hann lenti undir afturhjóli hennar. Slysið varð eigi með þeim hætti, að ákærði beri refsiverða sök á því. Ber

að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins í máli þessu og leggja sakarkostnað allan í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 120.000 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Elinor Hörður Mar, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allur kostnaður af rekstri málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 120.000 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. júní 1977.

Ár 1977, föstudaginn 10. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 324/1977: Ákærvaldið gegn Elinor Herði Mar, sem tekið var til dóms 25. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. september sl., á hendur ákærða, „Elinor Herði Mar, verkstjóra, Arahólum 2, Reykjavík, fæddum 30. nóvember 1950 í Reykjavík, fyrir að hafa um kl. 16 föstudaginn 25. júní 1976 orðið sjö ára dreng, Sverri Gunnarssyni, að bana af gáleysi með því að aka, er ákærði var við vinnu sína sem verkstjóri yfir malbikunarflokki, skamman spöl í vesturátt eftir tengigötu milli Seljabrautar og Breiðhóltsbrautar í Reykjavík án nægjanlegrar varkárni miðað við aðstæður, en ákærði hafði séð drenginn stuttu aftan við bifreiðina, er hann steig upp í hana, og vinnuvélar byrgðu útsýni aftur af bifreiðinni, með þeim afleiðingum, að drengurinn varð undir bifreiðinni og beið nær samstundis bana.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr. og f, l og n liði 3. mgr. 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Föstudaginn 25. júní sl. klukkan 16 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um umferðarslys á tengibraut, sem er á milli Seljabrautar og Breiðholtsbrautar.

Tveir lögregluþjónar fóru að sinna þessu, og samkvæmt skýrslu annars þeirra hafði 7 ára drengur á reiðhjóli lent á vinstri hlið vörubifreiðarinnar R 40455, fallið undir hana og orðið undir vinstri afturhjólum hennar. Var bifreiðin R 40455 þarna á vegum Reykjavíkurborgar, en verið var að vinna við malbikun á tengi-götunni.

Sjúkraliðsmenn voru komnir á staðinn, er lögregluna bar að, og sáu þeir um flutning drengsins á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt upplýsingum þaðan skömmu síðar var drengurinn látinn, er þangað kom.

Þegar slys þetta átti sér stað, var veður skýjað og rigning. Yfirborð götunnar var malbikað.

Á bifreiðinni sáust engar skemmdir, en þó voru sjáanlegar strokur á vinstri hlið hennar og ákoma á vinstri afturhjólum. Reiðhjól drengsins var dældað á afturaurhlíf og talsvert skekkt.

Samkvæmt skýrslu Guðjóns Guðmundssonar bifreiðaeftirlitsmanns er bifreiðin R 40455 Mercedes Benz vörubifreið, árgerð 1974, með vinstri hliðar stýri og vökvaprystiloftshemlabúnaði.

Auk bifreiðarinnar R 40455 var önnur vörubifreið, tvær dráttarvélar og valtari staðsett á götunni og við hana, þegar slysið átti sér stað.

Ökumaður bifreiðarinnar R 40455, ákærði Elinor Hörður Mar, skýrði svo frá á vettvangi, að hann hefði ekið í vesturátt eftir götunni og ætlað þá leið. Hann kvaðst hafa séð drenginn á reiðhjóli vinstra megin á götunni skammt fram undan sér, áður en hann fór inn í bifreiðina. Leit ákærði eftir mannaferðum um leið og hann ók af stað, en varð ekki var við neitt athugasvert. Hann var skammt kominn, er hann heyrði hróp og fann í sömu mund, að bifreiðin lyftist örlítið vinstra megin að aftan. Stöðvaði hann þá samstundis. Áleit ákærði, að hugsanlega hefði dráttarvél, er stóð á götunni skammt framan við og til vinstri við bifreiðina, skyggt á útsýni til drengsins í þann mund, er hann ók af stað á bifreiðinni.

Drengurinn, sem varð fyrir bifreiðinni, hét Sverrir Gunnarson og var fæddur 30. maí 1969. Lík hans var krufið, og segir svo í skýrslu dr. med. Ólafs Bjarnasonar prófessors, dagsettri 29. júní sl.:

„Ályktun:

Við krufninguna kom í ljós, að höfuðkúpan var brotin. Blæðingar voru milli heilahimna. Mikill bjúgur var í stórheila, og í heilastofni voru einstöku punktblæðingar. Stór rifa var í hægri lunga og nokkur blæðing í brjósthóli hægri megin. Hægri lifrarlappi var næstum rifinn sundur um þvert, og í kviðarholi var nokkur blæðing.

Ofangreindir áverkar munu nær samstundis hafa orðið drengnum að bana.“

Verða nú raktir dómsframburðir ákærða og vitna.

Ákærði kveðst hafa unnið greint sinn sem verkstjóri við malbikunarviðgerðir á nafnlausri tengibraut, sem gengur norður úr Seljabraut á móti Engjaseli. Hann þurfti að færa bifreiðina R 40455 vegna bifreiðar, sem var fyrir aftan hana með malbik, sem þurfti að losa. Ákærði gekk frá bifreiðinni, sem var með malbikið, og að bifreiðinni R 40455. Þá sá hann dreng, sem sat kyrr á reiðhjóli aftan við bifreiðina R 40455, og var hann nokkuð á ská fyrir aftan hana og fyrir utan götuna. Ákærði veitti drengnum ekki sérstaka athygli, enda taldi hann enga hættu á ferðum drengsins vegna, þar sem hann ætlaði að færa bifreiðina beint áfram. Ákærði setti nú bifreiðina í gang svo og rúðuburrkurnar og ók hægt af stað, beint áfram. Sá ákærði enga hættu á ferðum fyrir framan bifreiðina eða til hliðar við hana, þegar hann ók af stað. Ákærði hafði aðeins ekið örstuttan spöl áfram, þegar hann fann, að afturhjólf bifreiðarinnar vinstra megin lyftust upp, eins og ákærði færi yfir stein. Ákærði heyrði samtímis, að nærstaddir æptu upp. Fór ákærði þá þegar út og sá drenginn liggja í götunni rétt aftan við vinstra afturhjólið.

Vitnið Jörger Erlingsson verkamaður, Grýtubakka 14 í Reykjavík, kveðst hafa staðið á götunni, skáhallt fram undan vinstra framhorni bifreiðarinnar, sem olli slysinu. Sá vitnið bifreiðina aka af stað frekar hægt. Gekk vitnið meðfram vörubifreiðinni, þegar henni var ekið af stað, og var á móts við vinstra framhorn hennar, þegar dráttarvélina var gangsett. Augnabliki síðar heyrði vitnið flaut í vörubifreiðinni aftan við vörubifreiðina R 40455. Sneri vitnið sér þá við og sá dráttarvélina ekið hægt aftur á bak ofan af moldarbarðinu, sem hún hafði staðið á. Samtímis sá vitnið lítinn dreng á hjóli renna aftur á bak fram undan dráttarvélinni í átt að vörubifreiðinni. Síðan sá vitnið drenginn renna viðstöðulaust á hjólinu, þannig að afturhjólf hjólsins lenti undir vinstra

afturhjólum vörubifreiðarinnar. Féll hjólið í götuna og drengurinn um leið. Fóru vinstri afturhjól bifreiðarinnar síðan bæði yfir hjólið og drenginn.

Vitnið kveðst ekki hafa séð drenginn lenda á vinstri framhurð bifreiðarinnar, áður en hann varð undir hjólum hennar.

Vitnið Daði Sigurðsson sjómaður, Krummahólum 8 í Reykjavík, skýrir svo frá, að það hafi haft með höndum stjórn á dráttarvél, sem vinnuflokkurinn hafði afnot af við störf sín. Hafði vitnið skilið vélina eftir í gangi í moldarbarði við tengibrautina og aðstoðað við lagningu á malbiki. Að því loknu fór vitnið aftur inn í dráttarvélina og hugðist færa hana á annan stað nær Breiðholtsbrautinni. Þegar vitnið fór inn í dráttarvélina, sá það engin börn í nánd, en hins vegar kveðst það ekki hafa horft mikið í kringum sig. Það kveðst þó hafa gengið úr skugga um, að óhætt væri að aka áfram. Vitnið hreyfði vélina aðeins áfram, en heyrði þá hróp og hélt, að einhver hefði orðið fyrir vélinni, en hrópin voru á þá leið, að slíkt hefði skeð eða væri að ske. Viðbrögð vitnisins voru þau að líta snögg aftur fyrir sig og bakka örlítið, en vitnið hélt, að það hefði ekið yfir einhvern. Vitnið kveðst hins vegar ekki hafa séð drenginn, sem varð fyrir slysinu, fyrr en það kom út úr vélinni.

Vitnið Meyvant Meyvantsson vörubifreiðarstjóri, Skipasundi 3 í Reykjavík, kveðst hafa setið í vörubifreið sinni greint sinn, og stuttu fyrir framan hana var bifreiðin R 40455. Ákærði var að ræða við vitnið og skýrði því frá því, að hann ætlaði að færa bifreið sína áfram. Gekk ákærði síðan frá bifreið vitnisins að sinni bifreið og steig upp í hana. Þegar ákærði var að fara að bifreið sinni, kom lítill drengur hjólandi fram með bifreið ákærða í átt að bifreið vitnisins. Var hann kominn aftur fyrir bifreið ákærða, þegar hann steig inn í sína bifreið. Þegar drengurinn kom að bifreið vitnisins, stansaði hann og sneri við og hjólaði upp í moldarbarð á vinstri hönd frá vitninu séð, en þar stóð dráttarvél. Þegar drengurinn kom að vinstri hlið vélarinnar, var hún ræst. Virtist þá koma fát á drenginn, og hann hrökk aftur á bak á hjólinu, og samtímis rann dráttarvél lítills háttar aftur á bak. Þegar vitnið sá þetta, gaf það hljóðmerki og æpti upp, en það skipti engum togum, að drengurinn rann aftur á bak á hjólinu og undir vinstri afturhjól bifreiðar ákærða, sem var á hægri ferð áfram. Fóru hjólin bæði yfir drenginn og hjólið. Allt skeði þetta svo snögg, að vitnið tók ekki eftir því, hvort drengurinn kom á

vinstri framhurð bifreiðarinnar, áður en hann lenti undir henni.

Vitnið Arnþrúður Karlsdóttir lögregluþjónn, Eyjabakka 12 í Reykjavík, gerði skýrsluna um afskipti lögreglunnar af málinu og hefur staðfest hana fyrir dómnum svo og uppdrátt af vettvangi og skýringar við hann, sem starfssystir þess gerði.

Vitnið Jóhanna Sigríður Njálisdóttir lögregluþjónn, Gautlandi 3 í Reykjavík, annaðist rannsókn á vettvangi og gerði uppdrátt af honum. Hefur vitnið staðfest þetta verk sitt fyrir dómi.

Vitnið Sævar Þorbjörn Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður, Hólmgarði 36 í Reykjavík, tók ljósmyndir á vettvangi og gerði skýringar við þær. Vitnið hefur staðfest fyrir dómi, að skýringarnar séu réttar og byggist á eigin athugunum vitnisins á vettvangi og umsögn þeirra lögregluþjónna, er fyrstir komu á vettvang.

Vitnið Jónas Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Bakkagerði 3 í Reykjavík, fór á vettvang og kynnti sér hann. Kvað vitnið ekki hægt að fullyrða, að drengurinn hefði fyrst lent á hurð bifreiðarinnar. Þá tók vitnið sérstaklega fram, að moldin á slysstað hafi verið sleip vegna bleytu og sé líklegt, að drengurinn hafi runnið á hjólinu vegna hálkunnar.

Vitnið Guðjón Guðmundsson bifreiðaeftirlitsmaður, Grettisgötu 24 í Reykjavík, skoðaði bifreiðina R 40455 á vettvangi eftir slysið. Vitnið hefur staðfest, að hún hafi verið í fullkomnu lagi að öllu leyti.

Svo sem fram er komið í málinu, er ljóst, að ákærði sá drenginn á hjólinu, áður en hann fór inn í bifreiðina til að aka henni áfram. Var hann þá á hjólinu í nánd við hana. Þar sem hér var um vinnusvæði að ræða, bar ákærða, sem var verkstjóri á staðnum, að gæta sérstakrar varúðar vegna barna og annarra vegfaranda, og ekki síst, þar sem ákærði hafði séð drenginn á staðnum í nánd við vinnutækin. Fram er komið, að ákærði ók hægt og rólega áfram, eins og honum bar að gera. Einmitt af þeim sökum hafði hann góða aðstöðu til þess að fylgjast vel með því, sem var að gerast á hlið við bifreiðina, enda bar honum að gera það af framangreindum ástæðum. Þessa auknu aðgæslu sýndi ákærði ekki, og er þetta aðgæsluleysi hans því að hluta ástæða fyrir því, að hann ók bifreiðinni yfir drenginn, svo að hann beið bana. Er því sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákærinni, og þykir hún þar rétt færð til refsí-  
ákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki sætt refsingu eða öðrum viðurlögum, svo að kunnugt sé.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54/1976. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 50.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 10 daga.

Með aðgæsluleysi sínu þykir ákærði hafa unnið sér til þess að verða sviptur ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæði því, er þar greinir. Þykir hæfilegt að svipta ákærða ökuréttindum í 4 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974, um meðferð opinberra mála, til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

#### Dómsorð:

Ákærði, Elinor Hörður Mar, greiði 50.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 4 mánuði frá uppkvaðningu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.